

Ársskýrsla Betadeildar fyrir starfsárið 2002–2003

Fráfarandi og nýkjörin stjórn Betadeildar hittust á fundi fyrstu daga júlímánaðar þar sem stjórnarskipti fóru fram.

Stjórn Betadeildar starfsárið 2002–2003:

Anna Þóra Baldursdóttir formaður,

Magna Guðmundsdóttir varaformaður,

Halldóra Haraldsdóttir ritari,

María Steingrímsdóttir meðstjórnandi.

Solveig Hrafnisdóttir gjaldkeri

Helga Ásg. Thorlacius fráfarandi formaður hefur starfað með stjórninni.

Á fyrsta fundi vetrarins, sem haldinn var í Glerárskóla þann 30. september voru tillögur stjórnar um vetrarstarfið kynntar og ræddar. Í Betadeild er oft valið ákveðið þema til að vinna með þó ekki endilega á öllum fundum. Í ár völdum við fjölmenningu, sem er margþætt hugtak sem hægt er að skoða og fjalla um frá ýmsum sjónarhornum. Á þessum fundi voru, auk umræðu um efni á fundum vetrarins, einungis málefni deildarinnar og samtakanna til umfjöllunar enda af nógu að taka að sumarleyfi loknu. Ákveðið var að liðurinn „Orð til umhugsunar“ í vetur hefði yfirskriftina „Starfið mitt“ þar sem konur segðu frá starfi sínu. Það var Helga Ásg. Thorlacius sem reið á vaðið og sagði frá starfi sínu sem skólabókavörður í grunnskóla. Sagðar voru fréttir frá framkvæmdaráðsfundi í ágúst sl., frá undirbúningi Evrópuþingsins í Reykjavík næsta sumar, landssambandsþingi í vor og Anna Þóra Baldursdóttir sagði frá ferð sinni á alþjóðþingið í Little Rock sl. sumar.

Þann 30. október lá leiðin í Menntaskólann á Akureyri þar sem Þórunna Þórðardóttir sagði okkur frá starfi sínu sem námsráðgjafi í grunnskóla. Þá flutti dr. Kristján Kristjánsson, prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri, mjög fróðlegt erindi um fjölmenningu þar sem hann velti fyrir sér hugtakinu og merkingu þess frá mörgum sjónarhornum. Var þetta virkilega áhugaverð umfjöllun sem gaf okkur nýja og betri innsýn í það hvað fjölmennungur er margþætt hugtak.

Jólafundurinn var haldinn þann 30. nóvember, en hefð er fyrir því að halda hann á laugardagsmorgni. Þá lá leið okkar í Giljaskóla þar sem Margrét Albertsdóttir sagði okkur eitt og annað skemmtilegt og fróðlegt frá ævi og starfsævi sinni sem grunnskólakennari, en hún hætti störfum fyrir nokkrum árum. Margrét er einnig lærður gullsmiður. Á jólafundinn komu góðir gestir, þær Annette J. de Vink frá Hollandi og Anna Podhjaska frá Póllandi. Báða hafa þær búið og starfað á Akureyri í allmörg ár, Annette sem tungumálakennari í Verkmenntaskólanum á Akureyri og Anna sem tónlistarkennari við Tónlistarskólann á Akureyri. Sögðu þær frá jólahaldi í heimalöndum þeirra, gáfu okkar að smakka á jólamat sem þær höfðu lagað og einnig hlustuðum við á jólatónlist frá þessum löndum. Var þetta sérstaklega ánægjulegur fundur og höfðu félagskonur á orði að þetta ættum við að endurtaka.

Þann 16. janúar var svo hinn hefðbundni bókafundur sem að vanda var haldinn hjá Margréti Eggertsdóttur, en það er fastur liður í starfi Betadeildar að koma saman á nýbyrjuðu ári og segja hver annarri frá bókum sem lesnar hafa verið um jólin og þótt hafa athyglisverðar. Á þessum fundi reynum við yfirleitt að hafa sem minnst efni

annað, þannig að nægur tími gefist til að ræða bækurnar. Var þessi fundur eins og venjulega áhugaverður og mjög ánægjulegur.

Á febrúarfundi þann 11. febrúar sagði Magna Guðmundsdóttir aðstoðaskólastjóri við Tónlistarskólann á Akureyri okkur frá starfi sínu. Fundurinn var haldinn í Oddeyrarskóla þar sem nýbúadeild hefur aðsetur og þar fræddi Auður Ásgrímsdóttir umsjónarmaður deildarinnar okkur um nýbúamiðstöðina og nýbúafræðslu á vegum Akureyrarbæjar. Einnig gafst okkur tækifæri til þess að skoða nýja og mjög vel heppnaða viðbyggingu við skólann.

Á marsfundinn sem haldinn var í Lundarskóla 17. mars kom Áslaug Brynjólfsdóttir landssambandsforseti í heimsókn til okkar og sagði okkur frá undirbúningi landssambandsþings og einnig ýmislegt um Evrópuráðstefnunna. Var mjög ánægjulegt að fá Áslaugu á fundi í deildinni. Margrét Kristín Jónsdóttir þýskukennari í Menntaskólanum á Akureyri sagði frá starfi sínu. Þá fluttu Betakonurnar Margrét Björgvinsdóttir og Ragnheiður Kjærnested okkur ferðasögu ferðar sem þær fóru á slóðir rithöfundarins Jane Austin. Var þetta afskaplega fróðleg frásögn og fengum við að smakka á súpu að hætti Jane Austin sem þær stöllur elduðu.

Hefðbundinn lokafundur er svo á dagskrá þann 16. maí nk., og þar verða teknar inn tvær nýjar félagskonur. Fundurinn er að öllu jöfnu haldinn í heimahúsi og síðan förum við saman út að borða og eigum saman notalega kvöldstund. Lýkur þar með hefðbundinni vetrardagskrá.

Eins og áður hefur verið reynt að dreifa störfum en auk hefðbundinna starfa hafa verið settar á fót tvær starfsnefndir. Munu þær sjá um að safna saman myndum úr starfsemi deildarinnar og setja í albúm og fara yfir öll gögn, flokka og koma í betra horf og á einn samastað. Á hverjum fundi er dregin út happdrættisvinningur og er ágóðinn af happdrættinu lagður í starfssjóð Betadeildar.

Margrét Björgvinsdóttir sat áfram sem fulltrúi í landssambandsstjórn þetta starfsár. Anna Þóra Baldursdóttir sótt alþjóðáþingið í Little Rock sl. sumar og sá um fræðslu-fund þar sem hún fjallaði um kulnun í starfi grunnskólakennara.

Anna Þóra Baldursdóttir
formaður